

Skýrsla Hafréttarstofnunar Íslands fyrir árið 2012

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókn- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands og er meginmarkmið stofnunarinnar að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar. Að stofnuninni standa, auk Háskóla Íslands, utanríkisráðuneytið og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið (frá 4. september 2012 atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið).

Stjórn stofnunarinnar skipuðu Einar Gunnarsson og Guðmundur Eiríksson af hálfu utanríkisráðuneytisins, Sigurgeir Þorgeirsson og Hrefna Karlsdóttir af hálfu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins (atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins frá 4. september 2012), og Björg Thorarensen og Pétur Dam Leifsson af hálfu Háskóla Íslands. Forstöðumaður stofnunarinnar í hlutastarfi var Tómas H. Heiðar.

Hafréttarstofnun auglýsir árlega styrki til náms í hafrétti. Annars vegar er um að ræða styrki til framhaldsnáms í hafrétti og barst engin umsókn að þessu sinni.

Hins vegar er um að ræða styrki til íslenskra þátttakenda og þátttakenda frá þróunarlöndum í námskeiði Ródos-akademíunnar í hafrétti sem haldið var 1.–20. júlí. Hafréttarstofnun veitti fjórum Íslendingum, Önnu Pálu Sverrisdóttur, Birgi Hrafni Búasyni, Sesselju Sigurðardóttur og Þorbirni Björnssyni, styrki til þátttöku í námskeiðinu. Enn fremur veitti stofnunin fjórum einstaklingum frá þróunarríkjum styrki til þátttöku í námskeiðinu.

Hafréttarstofnun á aðild að Ródos-akademíunni og á forstöðumaður stofnunarinnar sæti í stjórn akademíunnar. Árlegt námskeið akademíunnar í hafrétti er helsta námskeið á þessu sviði í heiminum. Forstöðumaður annaðist yfirumsjón, kennslu og prófun í annarri viku námskeiðsins í ár.

Hafréttarstofnun efndi til málstofu undir heitinu “Dómur Alþjóðlega hafréttardómsins í Hamborg – afmörkun landgrunns utan 200 sjómílna” í Lögbergi 21. mars. Bjarni Már Magnússon hélt erindi um dóm í máli Bangladess gegn Mjanmar en forstöðumaður var fundarstjóri.

Ródos-akademían hélt móttöku í tilefni af 30 ára afmæli hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna í tengslum við aðildarríkjafund samningsins á Degi hafsins, 8. júní, í Sameinuðu þjóðunum í New York. Forstöðumaður hélt erindi af því tilefni.

Forstöðumaður þáði boð um þátttöku í Third International Symposium on Scientific and Legal Aspects of the Regimes of the Continental Shelf and the Area, Beijing, Kína, í nóvember, þar sem hann hélt erindi.

Loks skal þess getið að á grundvelli samnings við lagadeild H.Í. hélt Hafréttarstofnun áfram að styrkja kennslu og rannsóknir í auðlindarétti við deildina.